

Nr. 027 / 15 Hrafn Sveinbjarnarson GK 255**Vélarbilun og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 1972 IMO nr. 8709810
Smíðaður: Flekkefjord Noregi 1988 stál
Stærð: 290,3 brl. 1028 bt.
Mesta lengd: 47,9 m Skráð lengd: 39,3 m
Breidd: 11 m Dýpt: 7,45 m
Vél: Deutz 1850 kW, 1988
Fjöldi skipverja: 25

Gögn:
Gögn RNSA



Hrafn Sveinbjarnarson ©Hilmar Snorrason

Málið afgreitt á fundi 18. september 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasynti, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 12 mars 2015 var Hrafn Sveinbjarnarson GK 255 á siglingu á Örafagrunni. Veður: SA 15 m/sek

Á siglingunni fór aðalvélina á yfirsúning og stöðvaði vélstjóri hana. Ljóst var að bilun var í gangráði og var reynt að keyra vélina með því að handstýra gangi hennar. Þegar sýnt var að það gengi ekki áfallalaust óskaði skipstjóri eftir að Þórunn Sveinsdóttir VE 401 drægi skipið til hafnar á Eskifirði þar sem viðgerð á vélinni fór fram.

Við rannsókn kom fram:

- að ró sem festi tannhjól á öxli fyrir drif tannhjól gangráðs losnaði og gerði gangráðinn óvirkan. Viðgerð hafði farið fram þremur vikum áður og þá yfirsást brotin tönn í tannhjóli sem talið var að hefði valdið biluninni.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.